

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 151/2016**

2018/EES/16/18

frá 8. júlí 2016

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1612 frá 23. september 2015 um breytingu á ákvörðun 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 23c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 D 1612**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1612 frá 23. september 2015 (Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 26).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/1612, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 26.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.